

## Nefndarálit

um frv. til l. um ráðstafnir í ríkisfjármálum á árinu 1999.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið um ráðstafnir í ríkisfjármálum hefur breyst mikið frá því að hliðstæð frumvörp voru fyrst flutt. Ástæðan er ekki sú að ríkisstjórnin hafi alltaf hætt við að skerða þá tekjustofna sem þar var ætlað að skera niður. Þvert á móti hefur það gerst í sumum tilvikum að skerðingin hefur verið gerð varanleg með öðrum lögum.

Minni hlutinn mun greiða atkvæði gegn nokkrum greinum þessa frumvarps en sitja hjá við atkvæðagreiðslu um aðrar. Minni hlutinn mótmælir sérstaklega skerðingunni á Framkvæmdasjóði fatlaðra þar sem önnur hver króna er tekin af sjóðnum til rekstrar. Ljóst er að þessi niðurskurður hlýtur að hafa stórfelld áhrif á uppbyggingu þjónustustofnana í þágu fatlaðra á komandi árum og áratugum. Það er ábyrgðarhluti að seinka þjónustuúrræðum við fatlaða; margir þeirra eru á ungum aldri og það er fráleitt og siðlaust að skerða þjónustumögnleika við þau börn sem hér um ræðir og síst af öllum mega við aðgerðum af þessu tagi. Þar er ekki ráðist á garðinn þar sem hann er hæstur.

Minni hlutinn mun enn fremur greiða atkvæði gegn l. gr. frumvarpsins, um skerðingu á tekjum af svokölluðum þjóðarþóttuskatti.

Minni hlutinn bendir á að í tillögum ríkisstjórnarinnar og meiri hluta nefndarinnar er gert ráð fyrir því að hafa að engu álit meiri hluta landbúnaðarnefndar um breytingu á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Er álit meiri hluta landbúnaðarnefndar, á því máli sérstaklega, birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu auk þess sem birt er sem fylgiskjal bréf frá Dýralæknafélagi Íslands um sama efni.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkt álit þessu.

Alþingi, 17. des. 1998.

Svavar Gestsson,  
frsm.

Ágúst Einarsson.

Steingrímur J. Sigfússon.

**Fylgiskjal I.****Umsögn landbúnaðarnefndar  
um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1999.**

Nefndin hefur, sbr. bréf formanns efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 11. des. 1998, fjallað um 2. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1999.

Fékk nefndin á sinn fund við umfjöllun málsins Guðmund Sigþórsson frá landbúnaðar-ráðuneyti og Halldór Runólfsson yfirdýralækni.

Meiri hluti nefndarinnar (GÁ, GuðjG, MS, ÁMM) telur að í 2. gr. frumvarpsins sé gert ráð fyrir of löngum fresti á gildistöku þeirra ákvæða laga nr. 66/1998, sem þar eru rakin. Telur meiri hlutinn mikilvægt að umrædd ákvæði laganna taki gildi fyrir næstu sláturtíð. Er því að mati meiri hlutans hæfilegt að fresta gildistöku ákvæðanna til 1. júlí 1999.

Minni hluti nefndarinnar (LB) hafnar því algerlega að gildistöku ákvæðanna verði frestað. Telur hann að hér sé fyrst og fremst um að ræða kjaradeilu og óeðlilegt sé að gripið sé inn í hana með þessum hætti. Þá gagnrýnir hann harðlega slæleg vinnubrögð landbúnaðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis við undirbúning og framkvæmd laga nr. 66/1998.

Egill Jónsson, Ágúst Einarsson, Sigríður Jóhannesdóttir og Hjálmar Jónsson voru fjarstödd við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. desember 1998.

F.h. landbúnaðarnefndar

*Guðni Ágústsson, formaður.*

**Bréf til efnahags- og viðskiptanefndar frá  
Dýralæknafélagi Íslands.  
(10. desember 1998.)**

Sem kunnugt er voru á s.l. vori samþykkt ný lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Löggin eiga að taka gildi nú um áramót.

Nú er komin fram á Alþingi tillaga um frestun þeirra ákvæða laganna er snerta héraðaskipan og vaktafyrirkomulag. Jafnframt er gefið undir fótinn með að e.t.v. beri að fresta lögnum í heild.

Stjórn Dýralæknafélags Íslands vill leggja áherslu á að einungis verði frestað þeim ákvæðum laganna er varða héraðaskipan og vaktafyrirkomulag. Það ríkir almenn sátt um ömur ákvæði laganna og það er mjög mikilvægt að þau öðlist gildi. Þar er m.a. fjallað um skipan dýralæknaráðs sem á að vera yfirdýralækni til ráðuneytis um allt er varðar innflutning búfjár og búfjárafurða en þau mál eru mjög í brennidepli nú um stundir.

Þá reyna löggin lagastoðum undir starfsemi sérgreinadýralækna. Nýlega er hafin vinna á vegum yfirdýralæknisembættisins vegna þeirra samninga sem eru fram undan við EB um yfirtöku á þeim hluta EES samnings er varða dýrasjúkdómamál og innflutning á búfé og búfjárafurðum. Fram að þessu höfum við verið á undanþágu hvað varðar þennan kafla. Énnig eru nýhafin vinna við að setja upp með skipulegum hætti viðbragðsáætlanir ef upp koma næmir smitsjúkdómar hér á landi. Hvoru tveggja skipti miklu máli fyrir framtíð íslensk landbúnaðar. Í þessu starfi eru sérgreinadýralæknar lykilaðilar og því mikilvægt að starfsemi þeirra sé tryggð í lögum.

Sú ástæða er gefin upp fyrir frestuninni að ekki hafi tekist samningar við D.Í. um vaktagreislur. Rauði þráðurinn í tillögum dýralæknafélagsins er að ríkið tryggi með greiðslum fyrir dýralæknavakt dýralæknaþjónustu um allt land. Í tillögum okkar höfum við gengið út frá forsendum laganna, þ.e. að greiðslur fyrir vaktir renni til annarra dýralækna en héraðsdýralækna þannig að létta megi af þeim óhóflegu vinnuálagi sem er, eins og segir í greinargerð, "á sumum dýralæknum langt unnt fram það sem hæfir." Það er ljóst að þessu fylgir nokkur kostnaðarauki. Þetta var allt saman fyrir séð og hefði hvorki átt að koma embættismönnum landbúnaðar- né fjármálaráðuneytis á óvart ef þeir hefðu unnið sína heimavinnu. Það er jafn ljóst að þessir fjármunir verða að koma frá hinu opinbera. Það er enda skilningur okkar að það sé á ábyrgð hins opinbera að tryggja dýralæknaþjónustu um allt land og það verður ekki gert með öðrum hætti. Greiðsluþol íslensks landbúnaðar er ekki það mikið að hægt sé að taka greiðslur fyrir vaktir inn í gjaldskrá fyrir unnin læknisverk og þannig leggja þann kostnað á bændur og aðra dýraeigendur.

Ef lögnum verði frestað í heild óttumst við að annað tveggja gerist: Löggin verði öll endurskoðum í þeim tilgangi að vika sér undan þessum skyldum eða, að þau dái uppi og við sitjum uppi með áratuga gömul lög sem eru engan veginn í takt við nútíma stjórnsýsluhætti eða tryggja viðunandi dýralæknaþjónustu og dýralæknum ásættanleg starfskilyrði. Af hvoru tveggja leiðir að öll dýralæknaþjónusta á landsbyggðinni verður í uppnámi.

Virðingarfyllst,  
Eggert Gunnarsson, formaður Dýralæknafélags Íslands.